



## Mikil hækkun launavísitölu í september

Launavísitalan hækkaði um 0,7% milli ágúst og september samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,7%, sem er svipaður árstaktur og verið hefur síðustu mánuði.

Hækkun launavísitölunnar í september var óvenju mikil miðað við síðustu mánuði og að lítið ætti að vera að gerast í þessum efnnum. Vísitalan hækkar hins vegar jafnan meira í september en mánuðina á undan og eftir.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur hækkað nokkuð jafnt og þétt síðan. Hún hefur nú hækkað um samtals 6,4% á fyrstu átta mánuðum ársins. Ekki hefur verið um almennar launahækkunarir að ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunarir verða ekki aftur fyrir en í janúar 2022.


Í nýrri [þjóðhagsspá Hagfræðideildar Landsbankans](#) er spáð það miklum hagvexti í ár að ákvæði lífskjarasamningsins um hagvaxtarauka koma mjög líklega til framkvæmda í maímánuðum, bæði 2022 og 2023, gangi spáin eftir. Samkvæmt gildandi kjarasamningum munu laun hækka þann 1. janúar 2022 og svo líklega aftur þann 1. maí. Kjarasamningar renna almennt út í lok október 2022, en engu að síður verður líklega ein launahækkun eftir á árinu 2023 sem byggir á þeim.

### **Kaupmáttur lækkað eilítið frá áramótum en er þó áfram mikill**

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,4% milli septembermánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,7% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára var 3,2%.


Kaupmáttur launa er því áfram nokkuð stöðugur og mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir töluverða verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í júlí 1% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



### Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum milli júlímánaða 2020 og 2021 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 6,2% á þessum tíma og um 11,8% á þeim opinbera, 9,9% hjá ríkinu og 14,2% hjá sveitarfélögunum.

Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu, þrátt fyrir að staða kjarasamningagerðar hafi jafnast. Laun eru almennt lægri á opinbera markaðnum en á þeim almenna og því eðlilegt að laun þar hækki hlutfallslega meira. Á þessu ári hefur hluti hækunarinnar á opinbera markaðnum komið til vegna vinnutímastyttingar líkt og gerðist á almenna markaðnum í fyrra. Áhrif styttingar vinnutíma eru hins vegar ekki metin inn í launavísitölu nema þau séu talin í gildi launahækkana.

Frá nóvember 2019 til júní 2021 voru áhrif styttingar vinnuviku talin vera um 0,9 prósentustig á almennum vinnumarkaði, 2,7 prósentustig hjá ríkisstarfsmönnum og 3,0 prósentustig hjá starfsfólki sveitarfélaga.

### Launabreytingar starfsstétta


Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest, eða um 8,4% milli septembermánaða 2020 og 2021. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkuðu minnst, eða um 3,5%. Launavísitalan hækkaði um 7,8% á tímabilinu þannig að einungis laun verkafólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega tækna og sérfræðinga. Vísitala neysliverðs hækkaði hins vegar um 4,3 á þessu tímabili þannig að flestar starfsstéttir á almenna markaðnum hafa búið við kaupmáttaraukningu.

### Endurskoðun kjarasamninga í höfn

Í september 2021 ákvað launa- og forsendunefnd lífskjarasamningsins að framlengja líftíma hans fram til októberloka 2022 þegar hann rennur út.


Stöðug hækkun launavísitölunnar á árinu er athyglisverð í ljósi hagsveiflunnar. Nokkur umræða hefur verið um erfiðleika við mönnun starfa og því ekki ólíklegt að það kunni að leiða til launaskriðs í einhverjum tilvikum til þess að fá fólk til starfa.

Launahækkun einstakra hópa  
júli 2020 - júlí 2021




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta  
september 2020 - september 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.